

Fóstureyðingaforsætisráðherrann – birtist í Vísí 21. okt. 2019

Forsætisráðherra vor, hin gjörvilega Katrín Jakobsdóttir, er sæl með hreyfingu sína, Vinstrihreyfinguna – grænt framboð eða VG í daglegu tali. Kvenfrelsun er ein grunnstoða hreyfingarinnar. Þar segir m.a., að „konur [séu] undirskipaðar en karlar yfirskipaðir. ... Kvenlægir eiginleikar eru þannig taldir minna virði en þeir karllægu. Á því byggir svo yfir- og undirskipan kerfisins.“ Lögd er áhersla á, að „Ísland [líklega átt við Íslendinga] taki virkan þátt í baráttu kvenna hvarvetna fyrir kynfrelsi og yfirráðum yfir eigin líkama. ... Standa þarf vörð um rétt kvenna til fóstureyðinga.“ (Þetta mætti allt eins lesa í prófritgerð frá kvenfrelsunardeild Háskóla Íslands.)

Það virðist ljóst, að undirokun karla sé einhliða. Allavega minnst hin dugmikli forsætisráðherra aldrei á karlfrelsi, eftir því sem næst verður komist. Misréttið verður einungis leiðrétt með því að auka rétt kvenna og/eða skerða rétt karla. Þegar Katrín berst með VG fyrir „meira jafnrétti“ á hún líklega við minna misrétti. Kredda VG og Katrínar um harðneskju og grimmd karla hljómar óneitanlega kunnuglega sem bergmál úr fjarlægri fortíð. Einn frumkvöðla kvenfrelsunar, Elizabeth Cady Stanton (1815-1902) hafði á orði: „Karlínn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfselskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“ Stefanía Traustadóttir einfaldar kreddu kynsysturinnar: „Ég lít svo á að konur séu kúgaðar vegna þess að þær eru konur.“

Enn eru til konur í vestrænum samfélögum, sem eru undirokaðar og í alvarlegri kröm, en gera sér ekki grein fyrir kúgun feðraveldisins - og þá er „[f]öðurveldið ... [nefnilega] skeinuhættast, þegar kúgunin virðist ekki vera kúgun, ...“ (Marcie Bianco). En VG kemur til skjalanna og vekur konur til vitundar um kúgun sína, frelsar þær eins og hvítir riddarar Alþingis.

Mona Eltahawy (f. 1967) gæti sem hægast mælt fyrir munn Höllu Gunnarsdóttur, aðal hugmyndafræðings VG um kvenfrelsun og ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í málaflöknum, þegar hún segir: „[K]venfrelsun snýst um það að koma konum til valda, svo þær megi uppræta feðraveldið, fremur en að halda því við.“ ... „Ímyndið ykkur feðraveldið sem kolkrabba. Höfuð hans er feðraveldið, því þaðan kemur hugmyndafræðileg stjórnun griparmanna átta. Þeir eru, hvað kalla má, kúgunarkerfin eða hinar aðskiljanlegu stofnanir, sem kúga oss – eins og yfirráð hvíttra, auðvaldið, kvenfæð, samkynhneigðarfærni, ofstæki og lítilsvirðandi fordómar (ableism).“

Skipulögð kvenfrelsun (sé franska byltingin undanskilin) hefur bráðum staðið yfir í tvær aldir. Enn þá hefur smiðshöggvið á frelsun konunnar ekki verið rekið, að dómi kvenfrelsara innan VG og utan. (Að vísu virðist söguþekkingu þeirra í nokkru ábótavant, t.d. frelsara, sem stöðugt frelsa geirvörtunna sínar og móðurlíf.) Því eru boðaðar nýjar leiðir: „Ég bið fólk að hugleiða ... sviðsmynd, þar sem við [konur] myrðum ákveðinn fjölda karlmanna í viku hverri. Hversu mörgum þyrftum við að koma fyrir kattarnef, þar til feðraveldið sest niður handan borðsins og segir: „Gott og vel, látum gott heita. Hvernig er það í okkar valdi til að stansa aflífuna?“ (Mona Eltahawy) Eftirfarandi orð Mary Daly (1928-2010) mætti einnig sjá fyrir sér í stefnuskrá byltingarflokksins: „Afeitrun jarðarinnar verður að eiga sér stað, eigi líf að þrífast til framtíðar. Ég hygg, að hún verði samhliða þróun, sem hafi í för með sér verulega fækkun karlmanna.“ Eins og allir vita eru karlar ábyrgir fyrir tortímingu jarðarinnar.

Í ljósi undirokunar karla á konum og eyðingar þeirra á vistkerfinu sýnist einboðið að leita þurfi leiða til að auka vald konunnar. Rétturinn til eyðingar fósturs er ein þeirra, enda „[h]afa konur í ljósi sögunnar verið skilyrtar til að trúa því ... að megingangur þeirra í lífinu sé að búa til börn.“ (Marcie Bianco) Valdefling kvenna heitir slíkur réttur á tungumáli kvenfrelsaranna. Katrín Jakobsdóttir er í þann mund að skipa sér á bekk þeirra öfgafyllstu. („Þar fór góður biti í hundskjapt,“ hefði amma sagt.) Katrín sagði við atkvæðagreiðslu á Alþingi um hið nýja frumvarp til laga um fóstureyðingu eða þungunarrof (orðið leiðir hugann óhjákvæmilega að landrofi, rofabarði og vítahringjum), að það sé „skref í þá átt, að gera konur í þessu landi frjálsari.“ Helst hefði forsætisráðherra viljað, að verðandi móður væri heimil fóstureyðing fram að fæðingu barns. Systir hennar í trúnni, Svandís Svafarsdóttir var í sigurvímu og fagnaði „því sérstaklega, að við [séum] hér með þessum lögum að festa í sessi sjálfsákvörðunarrétt kvenna yfir eigin líkama og ákvörðunin um það, hvort hún vill halda meðgöngu áfram eða ekki fram að ákveðnum tíma meðgöngunnar er hjá henni, en engum öðrum ...“Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, kvenfrelsunarsystir úr Sjálfstæðisflokknum, tekur í sama streng: „Hér greiðum við atkvæði um eitt stærsta réttindamál kvenna í seinni tíð...“

Það vekur athygli, að umræddum hugmyndafræðingum, sem lagt hafa gjörva hönd á samþykkt alþjóðasamninga um mannréttindi, vernd barna gegn ofbeldi og lögleiðingu kvenna sem fórnarlamba karla - í samræmi við stefnuskrá VG - virðist ekki leiða huganna að því, að ofangreindir samningar og lög gætu átt við fóstur eða börn í móðurkviði. Er réttlætánlegt að beita ófædd, heilbrigð börn ofbeldi, þegar líf og heilsu móður er engin hættu búin? Sameinuðu þjóðirnar skilgreina ofbeldi svo: „[Það er ofbeldi], þegar afli er beitt eða beitingu þess er hótad gegn sjálfum sér, einstaklingi, hópi eða samfélagi, í þeim ásetningi að valda skaða [líkamlega] eða andlega, hefta þroska eða skerða - eða stuðla að því, að slíkt gerist.“

Ofbeldi gegn börnun – eins og annað ofbeldi – er daglegur kostur í mannfélögum. Fóstureyðingar eru tiltölulega nýtilkomnar sem ofbeldisaðgerð gegn börnum og þekktast því varla í samfélögum einfaldari að gerð miðað við hin vestrænu. En ungbarnadráp eru þekkt meðal fjölda þjóða og ættflokka. Ungar mæður af kynþætti Ayoreo í Bólívíu og Paragvæ kviksetja (eða kviksettu) ungabörn, jafnvel hvert á fætur öðru. Ástæður eru m.a. þær, að móðir nýtur ekki stuðnings föður; að barnið sé afmyndað; að annað ungbarn sé fyrir; að um tvíbura sé að ræða. Auk þessa eykur móðirin með gjörningnum líkur á því að krækja sér í eiginmann. Ungbarnamorð tíðkast með svipuðum hætti hjá Yanomamö og Ache fólkinu í Suður-Ameríku. Hið síðastnefnda drepur unglínga einnig. Á tilteknu tímabili voru rúm níu af hundraði barna undir fimmtán ára aldri, sem misst höfðu feður sína, líflátin. En þetta átti við einungis um 0.6 af hundraði barna, sem átti föður á lífi.

Öll samfélög í Asíu fremja (eða frömdu) ungbarnamorð; í Afríku, Norður-Ameríku og Suður-Ameríku eru (eða voru) þau algeng. Í samfélögum, þar sem iðnbyltingin átti sér stað, voru börn einnig drepin – í um helmingi þeirra.Útburður hvítvoðunga á Íslandi er væntanlega kunnur flestum landsmönnum. Nú er slíkt háttalag bannað með lögum, en löggjafinn heimilar verðandi móður eyðingu fósturs fram yfir miðja meðgöngu. Það er kaldranaleg sviðsmynd og nóturleg, þar sem lækna berjast á stofu við að bjarga fósturi á meðan lækna handan þils eyða öðru á svipuðu reki.

Fóstureyðingar eru algengar. Þegar fyrir aldarfjórðungi síðan var endir bundinn á tæpan þriðjung þungana með fóstureyðingu, sem þá var algengust lækniáðgerða í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA) - svo dæmi sé tekið. Í Stóra-Bretlandi er fimmtungi fóstura eytt sökum vanheilsu móður. Tíu af hundraði þeirra mæðra sýna verulegar og þrálátar truflanir á sálinni, að aðgerð lokinni. Ótalin eru þau þrjú af hundraði reifabarna (í BNA), sem láta lífið vegna

fíkniefnaneyslu móðurinnar. Það er öflug fóstureyðing. Reyndar eru rúm tíu af hundraði barna í BNA fædd fíkniefnaneytendum. Þau sýna yfirleitt margvíslegar þroskaskerðingar. Hlutaðeigandi mæður eru ekki sóttar til saka. Máttur þeirra er mikill.

Enn þá eru börn deydd á Vesturlöndum, einkum af ungum og ógiftum mæðrum, sem myrða börn sín á grófan hátt, þegar feður barnanna skirrast við að ganga í hjónaband til að styðja þær. Í Kanada til að mynda eiga ógiftar konur, að meðaltali um tuttugu og þriggja ára, um tólf af hundraði nýbura. Þær myrða hins vegar börn sín í rúmlega sextíu af hundraði tilvika. Í dómsmálum, tengdum barnsmorði, kennir margra grasa; ung pör, sem deyða nýfætt barn sitt, unglingsmóðir, sem víkur sér af dansleiki, fæðir barn, deyðir, kastar líkinu í sorptunnu og heldur dansleiknum svo áfram. Mæður deyða einnig stálpuð börn. Dæmi: Nýskilin móðir, Súsanna, átti tvo sonu, þriggja ára og fjórtán mánaða. Í tilhugalífi sín með nýjum ástmanni ásakaði hún negra um að hafa numið drengina á brott. Það sanna í málinu var hins vegar, að hún drekkti þeim, þar eð kærastinn vildi ekki ala upp annars manns börn. „Það kynni að vekja skelfingu og undrun, að morð Súsönnu sé ekki djöfulleg undantekning heldur að mörgu leyti dæmigert. Hin morðæðislega æxlunarrökhyggja hennar er áþekk þeirri sem konur víðs vegar um veröldina beita, þegar barn stendur í vegi fyrir hjónabandi ellegar ógnar tímgunaröryggi þeirra til lengri tíma lítið. Barnsvíg virðist ritað í erfðir okkar, en slík hegðun losnar einkum úr læðingi hjá ungum, ógiftum og örvæntingarfullum mæðrum, sem sálga nýfæddum börnum sínum.“ (Michael P. Ghiglieri)

Forsætisráðherra vor virðist ekki hafa áhuga á ofangreindu valdi mæðra án afskipta dóms og laga. Nýveittur réttur þeirra til að deyða fóstur er hugleiknari. Hann skyldi aukinn enn. Ofangreindir morðingjar sleppa vel sökum allsráðandi móðurhyggju. Afbrotafræðingurinn, Barbara Kervin, hefur bent á, að engin þrjú hundruð mæðra í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og Bretlandi, sem drepið hafa hvítvoðunga sína, þurfti að gista fangageymslur eina einustu nótt. Staðan hjá grönnum okkar er svipuð. Haft eftir Vibeke Ottesen, afbrotafræðingi, sem varði doktorsritgerð sína um barnsmorð í Noregi á árunum 1990 til 2009: „Mæðurnar eru tilgreindar, en engin þeirra er látin sæta ábyrgð. Morðin eru þess í stað skilgreind sem einstaklingsbundinn harmleikur kvenna í lífskreppu.“ Og hún heldur áfram: „Morð eru oftast framin, þegar kreppir að í lífinu. Hlutaðeigandi konur vekja samúð öndvert t.d. við karla, sem myrða sambýliskonur sínar. Þeir eru sömuleiðis á bólakafi í kreppu og hafa týnt ástinni í lífi sínu. Í því sambandi vekur enginn máls á miskunn.“ Réttarkerfið virðist deila þeirri trú Katrínar, að mæður skuli ekki hljóta refsingu fyrir ofbeldi gegn börnum – og feðrum þeirra. Mikill er máttur kúgaðra kvenna.

Enn skulu sem sé völd kvenna aukin með nýrri löggjöf um fóstureyðingar og enn eykst raunverulegt misrétti gegn körlum. Þeir eiga helming fósturs eða barns. Hví skyldu þeir ekki eiga sama rétt til yfirráða yfir líkama sínum og konur? Hví skyldi faðir ekki eiga sama rétt til eyðingar sameiginlegs fósturs og móðirin, t.d. þegar sæði hans er stolið eða svikið út úr þeim?

Ætli það sé vegna þess, að konur séu æðri hluti mannkyns: Iris Marion Young (1949-2006) prófessor í stjórnmálafræði, bergmálar aldagamla sannfæringu kvenna: „Í kvenmiðaðri kvenfrelsun ... er fólgin sú hugsun, að gildi hefðbundinnar reynslu kvenna sé æðri og því er gildum í þeim stofnunum, sem karlar ríkja, hafnað. ... Líkami kvenna og hefðbundin sýsla þeirra er uppspretta jákvæðra gilda. ... Félagsleg mótun okkar og venjubundið móðurhlutverk þjálfar okkur í að næra og vinna saman. [þ]að gæti verið einasta leiðin til björgunar heimsins ..., [því] í venjubundinni kvenmennsku er að finna þau gildi, sem ber að rækta til að skapa betra samfélag.“

Nú er kátt í höllu kvenfrelsarana, „feðraveldið“ líður senn undir lok: „Þegar stjórnmalaflokkar eða foreldrar keppa um að sýna stúlku/konu (female) ástríki til að vinna ástir hennar, er uppskeran ekki þakklæti heldur réttindi. ... [Þannig] fer forgörðum verkefni sérhvers foreldris og stjórnmalaflokks til að geta af sér fullveðja einstakling í stað þess að ala önn fyrir [eilífðar]barni. ... Þegar réttindabörnin eru meirihluti kjósenda snýst málið ekki lengur um, hvort við búum við mæðra- eða feðraveldi. [V]ið búum við fórnarlambsveldi.“ (Warren Farrell)

Höfundur er ellilífeyrisþegi. Þýðingar eru hans.